



Rangárping ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 24
850 HELLU

Garðabær, 13.1.2025
Málsnúmer: 202412-0025
MH

Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar í Heimahaga í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis Rangárþings ytra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 11. desember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi nýrrar frístundabyggðar í Heimahaga (landnr. 206436).

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna nýrrar frístundabyggðar í Heimahaga dags. 27. mars 2024 og um breytingu á aðalskipulagi dags. 2. október 2024. Athugasemdir sem þar koma fram eiga enn við og telur Náttúrufræðistofnun að við deiliskipulagsvinnuna hefði verið rétt að gera nákvæma úttekt á vistgerðum og fuglalífi á skipulagssvæðinu til að öðlast betra mat á umhverfisáhrifum breyttrar landnotkunar.

Náttúrufræðistofnun áréttar það sem áður hefur komið fram, að ærin ástæða sé til að vernda votlendi við Heimahaga, enda lítið orðið eftir af óröskuðu votlendi á Suðurlandi. Suðurlandsundirlendið í heild sinni er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en víða hefur verið gengið á búsvæði fugla, t.d. með frístundabyggðum og skógrækt. Á skipulagssvæðinu sjálfu er graslendi ríkjandi en inn á milli eru votlendisblettir, einkum starungsmýravist og starungsfloavist, sem hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins. Votlendið norðaustan við skipulagssvæðið er um 7,2 ha að flatarmáli og nýtur því sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Líklegt er að fuglalíf sé auðugt á svæðinu enda votlendi mikilvægt fyrir margar fuglategundir, t.d. vaðfugla, og gætir áhrifa þess langt út fyrir mörk votlendisins.

Stofnunin hefur áður bent á og ítrekar enn, að uppbygging frístundabyggðar með svo mikinn þéttleika lóða í mikilli nálægð við votlendi er ekki skynsamleg útfærsla þar sem hún getur falið í sér neikvæð áhrif á fuglalíf og annað lífríki og einnig dregið úr möguleikum til bindingar kolefnis í mýrajarðvegi sem er ríkulegur á þessu svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að endurskoða skipulagið þannig að áætluð mannvirki séu staðsett fjær votlendissvæðum með það að markmiði að hlífa votlendinu og lífríki þess enn frekar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur